

Greinargerð tilnefningarnaefndar Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir aðalfund 2025.

Tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn Lánasjóðsins setur henni og eru í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (LSF) útgefnum af Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og Kauphöll ( [www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is) ).

Í samræmi við þetta hefur Lánasjóðurinn birt viðeigandi upplýsingar á heimasíðu félagsins í aðdraganda aðalfundarins.

Aðalfundur Lánasjóðsins kaus Magnús B. Jónsson (formann), Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur og Rósu Guðbjartsdóttur í tilnefningarnefnd á aðalfundi 14. mars 2024.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins fyrir hönd tilnefningarnefndar sendi öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem óskað var eftir framboðum eða tilnefningum til stjórnar fyrir kl 12.00 miðvikudaginn 24. febrúar 2025. Framboð eða tilnefningar bárust frá fjórtán aðilum til setu í stjórn og varastjórn þar af buðu fjórir af fimm kjörnum aðalmönnum í stjórn sig fram.

Kristinn Jónasson bauð sig einn fram til formanns stjórnar.

Við uppstillingu til stjórnar hefur sem fyrr verið leitast við að taka tillit til eðlilegs hlutfalls minni og stærri hluthafa sem og lögbundins kynjahlutfalls, landshlutasjónarmiða og þess pólitíska veruleika sem ríkir hjá sveitarstjórnnum á landsvísu.

Með fyrrgreind sjónarmið í huga er niðurstaða kjörnefndar eftirfarandi:

Þar sem Kristinn Jónasson Snæfellsbæ býður sig einn fram til formanns er hann sjálfkjörinn og leggur kjörnefnd til að aðalfundur staðfesti kjör hans.

Tillaga kjörnefndar um uppstillingu aðal og varamanna í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2025 er:

| Aðalmenn:                                                                            | Varamenn:                                                              |
|--------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|
| Kristinn Jónasson, stjórnarformaður, bæjarstjóri Snæfellsbæjar                       | Helgi Hlynur Ásgrímsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi           |
| Jóhanna Ösp Einarsdóttir, oddviti Reykhólahrepps                                     | Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum                       |
| Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar | Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþings                      |
| Guðmundur B. Guðmundsson, f.v. formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar                     | Grímur R. Lárusson, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnabyggð                |
| Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík                                             | Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps. |

Aðrir sem buðu sig fram til stjórnarsetu í LS eru:

- Gerður Sigtryggsdóttir, oddviti Þingeyjarsveitar
- Álfheiður Eymarsdóttir í bæjarstjórn Árborgar
- Rúnar Bragi Guðlaugsson í bæjarstjórn Mosfellsbæjar

- Unnar Steinn Bjarndal, bæjarlögmaður Reykjanesbæjar.

Auk framantalinna hefur Íris Róbertsdóttir lýst yfir framboði til aðalstjórnar en hún er varamaður í tillögu nefndarinnar.

Óskað hefur verið eftir að skrifleg/rafræn kosning fari fram um stjórnarkjör. Í ljósi þess að formaður er kosinn sérstakri kosningu verður kosið um fjögur sæti aðalmanna og mögulega fimm sæti varamanna. Við kosningu gildir hlutfallsleg eign hvers sveitarfélags og við niðurröðun stjórnarmanna eftir talningu gildir jafnframt kynjahlutfallið 2/3.

Ásamt því að gera tillögu að stjórn og varastjórn félagsins hefur tilnefningarnefnd það hlutverk að gera tillögu um fundarstjóra fyrir aðalfund félagsins.

Lagt er til að Árelía Eydís Guðmundsdóttir verði fundarstjóri aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga 20. mars 2025.

Tillögur tilnefningarnefndar voru aðgengilegar frá og með 14. mars 2025 á heimasíðu Lánasjóðsins undir [www.lanasjodur.is/tnn-2025](http://www.lanasjodur.is/tnn-2025).

14. mars 2025

Tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga

Rósa Guðbjartsdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Magnús B. Jónsson